



**Varðandi:** Tillaga um breytingu á reglum á fjárhagsaðstoð.

**Málsnúmer:** 1511079

**Dagsetning:** 24. nóvember 2015

---

## SAMPYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS

Á 27. fundi velferðar- og mannréttindaráðs var fjallað um tillögu sviðstjóra og félagsmálastjóra að breytingu á hámarksfjárhæð lána vegna ábyrgðar í tengslum við gerð húsaleigusamninga. Eftirfarandi var bókað:

*„Lögð fram tillaga félagsmálastjóra og sviðsstjóra um að hámarksfjárhæð láns vegna ábyrgðar í tengslum við gerð húsaleigusamninga verði hækkuð í 420 þ.kr. þar sem húsaleiga hefur hækkað umtalsvert frá því að núverandi hámark var ákveðið. Kostnaður er talinn óverulegur þar sem sjaldnast er um bein fjárlátlát að ræða.“*

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti og vísar henni til bæjarráðs“.*

---

## GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA

Núverandi hámark láns vegna ábyrgðar í tengslum við gerð húsaleigusamnings samkvæmt 22. grein reglna Akraneskaupstaðar um fjárhagsaðstoð, sem samþykktar voru þann 13. mars 2012, er kr. 250.000. Algengt er að leigusalar fari fram á tryggingu sem nemur þriggja mánaða leigu við gerð leigusamnings. Húsaleiga á almennum leigumarkaði hefur hækkað umtalsvert síðan reglurnar voru settar, sér í lagi á síðustu misserum. Fjárhæð umbeðinnar tryggingar hefur því farið hækkandi að sama skapi. Í tillögunni er miðað við að hámarkið taki mið af leigu að fjárhæð 140.000 á mánuði.

Í láanasamningum samkvæmt ofangreindri reglu er kveðið á um að hluti húsaleigubóta viðkomandi leigjanda í hverjum mánuði skuli dregin af honum þar til lánsfjárhæðinni er náð. Það er því sjaldgæft að til beinna fjárláta komi þótt þess séu dæmi. Því er ekki gert ráð fyrir að hækka þurfi liði í fjárhagsáætlun vegna breytingarinnar.





Akraneskaupstaður

Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.



Jón Hrói Finnsson  
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs

